

From: Guðrún J. Jónsdóttir [<mailto:guðrun.j.jonsdottir@rsk.is>]

Sent: 15. febrúar 2013 21:02

To: Benedikt S. Benediktsson

Subject: Viðbót við umsögn ríkisskattstjóra vegna þingmáls 502 - Ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi

Tilvísun í mál: R2012120025

Sæll Benedikt.

Þann 19. desember sl. sendi ríkisskattstjóri umsögn til atvinnuveganefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi (502. þingmál).

Ríkisskattstjóri vill koma neðangreindu til viðbótar á framfæri við nefndina:

Í þeim samningum sem gerðir eru á grundvelli laga nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, eru nokkur ívilnandi ákvæði sem erfið eru í framkvæmd í núverandi kerfum embættisins. Sérstaklega á það við um ákvæði um lækkun **almenns** tryggingagjalds.

Nú er það svo að tryggingagjaldið er í raun samsett úr almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 113/1990. Í lögum nr. 99/2010 er heimilt að veita 20% afslátt af **almennu** tryggingagjaldi sem vegur þyngst í tryggingagjaldinu sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 13/1990, um tryggingagjald.

Í álagningarkerfum ríkisskattstjóra er lagt á stofninn ósundurliðaðan, þ.e. almenna tryggingagjaldið og atvinnutryggingagjaldið. Stofninn er einungis sundurliðaður niður á mánuði. Skipting álagningar á þau gjöld sem innifalin eru í tryggingagjaldi er hvorki gerð á framtali né í álagningu. Í álagningarvinnunni er þannig ekki hægt að koma þessari skiptingu við. Til þess að geta framkvæmt skiptinguna í tölvukerfum embættisins við álagningarvinnu og við síðari skattbreytingar, þannig að afslátturinn verði einungis veittur af almenna tryggingagjaldinu, þarf að fara út í verulega kostnaðarsama forritunarvinnu. Núverandi fyrirkomulag hefur haft í för með sér verulegt óhagræði fyrir ríkisskattstjóra og þau félög sem um ræðir. Æskilegra væri að afsláttur væri veittur af stofni til tryggingagjalds, þar með talið atvinnutryggingagjaldi. Til þess að um sambærilega ívilnun væri að ræða (miðað við núverandi skiptingu stofnsins) gæti afslátturinn átt að vera nálægt 13,89% í stað núverandi 20% afsláttar af almenna tryggingagjaldinu.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupóst.

Kveðja / Regard
Guðrún Jenný Jónsdóttir



Ríkisskattstjóri Reykjavík
Internal Revenue, Main Office Reykjavík